

17. fundur sögunefndar Keflavíkur haldinn á Hótel Keflavík 22. júní 2022 kl. 17:00

Fundurinn er lokafundur sögunefndar. Mættir eru Árni Jóhannsson, Erla Guðmundsdóttir, Stefán Jónsson og Kristinn Þór Jakobsson formaður sem ritar fundargerðina. Auk þess mætir Eiríkur Páll á fundinn. Ragnhildur Árnadóttir boðar forföll.

1. Fundur settur kl. 17:00.

2. Bókin.

Nefndarmenn lýstu ánægju með bókina, innihald og útlit. Töldu að bæta þyrfti úr kynningu á bókinni, lítið sem ekkert væri fjallað um bókina í staðarfjölmiðlum eða á vefmiðlum Reykjanesbæjar. Formaður sagðist muni bæta úr því með því að skrifa um útgáfuna og fá fólk til þess.

Nefndarmenn tóku undir þakki til höfundar, Árna Daníels Júlíussonar og Eiríks Páls ásamt þeim Huldu Björk Þorkelsdóttur og Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara fyrir vel unna og fagmannlega vinnu við útgáfu bókarinnar.

Formaður þakkar nefndarmönnum fyrir gott samstarf og góð kynni.

3. Vefurinn.

Eiríkur Páll fór yfir skýrslu sem hann gerði um hvernig verkefnið gekk fyrir sig. Eiríkur tók að sér að hafa umsjón með gerð söguvefjar og val mynda í bókina sem eru vel yfir 330 í bókinni, ásamt því að rita myndtexta við allar myndirnar. Það tók miklu meiri tíma en áætlað var.

Nefndarmenn menn þakka Eiríki fyrir ítarlega skýrslu. Hún er fylgiskjal með fundargerðinni. Vegna anna við myndir og bókina fékk vinna við uppbyggingu og ritstjórn söguvefs ekki þann tíma og rými sem stefnt var að í upphafi.

Nefndarmenn telja afar mikilvægt að söguvefurinn verði í þróun og allir möguleikar nýttir til lengri tíma lítið. Ólíkt útgáfu bókar er vefur allt annars eðlis þótt báðir miðlar séu að koma sömu sögum til skila. Þar er hægt að miðla texta, myndum bæði ljós og kvikum, og viðtölum sem ekki er gert í bókinni.

4. Uppgjör

Formaður fór yfir lokauppgjör og fjárhagsáætlun. Ljóst er að nefndin nýtti ekki allt það fé sem henni var skammtað. Umtalsverður afgangur er af fjárheimildum sem nefndin er sammála um að leggja til að hann gagni til byggðasafnsins til vinnu við að setja Sögu Keflavíkur inn ásamt meira ítarefni og í framhaldi verði haldið áfram að rita Sögu Reykjanesbæjar sem verður 30 ára 2024 (uppgjör er fylgiskjal með fundargerðinni).

Fundi slitið kl 18:30.